

Sorplausnir í Skaftárhreppi  
Könnun II meðal íbúa vegna breytinga á  
sorphirðukerfi

Janúar, 2021





### Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Sveitarfélagið Skaftárhrepp
Markmið rannsóknar	Markmiðið er að kanna viðhorf íbúa Skaftárhrepps til mismunandi sorplausna í sveitarfélaginu og að meta í samstarfi við ReSource International ehf. hvaða lausnir eru hagkvæmastar og líklegastar til að skapa ánægu meðal íbúa
Dagsetning skýrsluskila	22. janúar 2021

### Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundur	Inga Rún Sæmundsdóttir
Samráðshópur vegna verkefnis	Karl Eðvaldsson Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir

Vinsamlegast vísið í skýrsluna á eftirfarandi hátt:  
Inga Rún Sæmundsdóttir (2021). *Sorplausnir í Skaftárhreppi Könnun II meðal íbúa vegna breytinga á sorphirðukerfi*. Reykjavík: Félagvísindastofnun Háskóla Íslands.



---

## EFNISYFIRLIT

<b>Töfluyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>Myndayfirlit</b> .....	<b>7</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>10</b>
Þýði og svörun könnunar.....	10
Úrvinnsla .....	12
<b>Niðurstöður um viðhorf íbúa til sorplausna í Skaftárhreppi - könnun II</b> .....	<b>2</b>
Þátttakendur .....	2
Flokkun sorps á heimilum.....	6
Flokkun í Skaftárhreppi.....	14
Athugasemdir þátttakenda við sorphirðukerfi .....	21
<b>Viðauki</b> .....	<b>29</b>
Þátttakendur .....	29
Flokkun sorps á heimilum.....	32
Flokkun í Skaftárhreppi.....	41
<b>Heimild</b> .....	<b>48</b>

## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Svæðaskipting og sorphirðuleiðir í tilraunaverkefni Skaftárhrepps .....	9
Tafla 2. Framkvæmd og heimtur .....	11
Tafla 3. Samanburður á samsetningu svarenda eftir kyni, aldri og ríkisfangi miðað við þýði.....	11
Tafla 4. Kyn svarenda.....	2
Tafla 5. Aldur svarenda .....	2
Tafla 6. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? .....	2
Tafla 7. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur starf þitt? .....	3
Tafla 8. Hver er hjúskaparstaða þín? .....	3
Tafla 9. Býrðu í einbýli, tvíbýli, fjölbýli eða annars konar húsnæði? .....	3
Tafla 10. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtaldri/meðtöldum? .....	4
Tafla 11. Hversu mörg börn, 17 ára eða yngri, búa á heimili þínu?.....	4
Tafla 12. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við laungreiðslur, bætur, námslán, fæðingarorlof og annað þess háttar.....	4
Tafla 13. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við laungreiðslur, bætur, námslán, fæðingarorlof og annað þess háttar.....	4
Tafla 14. Hvar í Skaftárhreppi býrðu?.....	5
Tafla 15. Á hvaða tíma árs fellur mest sorp til á heimili þínu? .....	5
Tafla 16. Hægt er að búa til moltu úr lífrænum úrgangi. Molta er framleidd úr lífrænum úrgangi sem hefur brotnað niður og er orðinn að eins konar mold. Hvað verður um lífrænan úrgang á þínu heimili? .....	12
Tafla 17. Hvað annað verður um lífrænan úrgang á heimilinu?.....	13
Tafla 18. Hvenær hófst moltugerð úr lífrænum úrgangi á heimilinu?.....	14
Tafla 19. Værir þú tilbúin/n til þess að borga meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi? .....	15
Tafla 20. Værir þú tilbúin/n til þess að leggja meiri vinnu á þig ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi?.....	16
Tafla 22. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með núverandi sorphirðukerfi? .....	18
Tafla 23. Hvað þykir þér hafa gengið vel á þínu svæði?.....	22
Tafla 24. Hvað þykir þér hafa mátt fara betur á þínu svæði?.....	24
Tafla 25. Hvað finnst þér hafa þótt ganga vel í verkefninu í heild sinni?.....	25
Tafla 26. Hvað finnst þér hefði getað farið betur í verkefninu í heild sinni? .....	27
Tafla 27. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?.....	28
Bakgrunnstafla 1. Kyn svarenda sýnt eftir bakgrunni .....	29
Bakgrunnstafla 2. Aldur svarenda sýndur eftir bakgrunni .....	30

---

Bakgrunnstafla 3. Á hvaða tíma árs fellur mest sorp til á heimili þínu, sýnt eftir bakgrunni .....	31
Bakgrunnstafla 4. Hversu oft eða sjaldan eru drykkjarumbúðir með skilagjaldi (t.d. plast- og glerflöskur, áldósir) flokkað á þínu heimili? .....	32
Bakgrunnstafla 5. Hversu oft eða sjaldan eru drykkjarumbúðir með skilagjaldi (t.d. plast- og glerflöskur, áldósir) flokkaðar á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni.....	32
Bakgrunnstafla 6. Hversu oft eða sjaldan eru rafhlöður flokkaðar á þínu heimili? .....	33
Bakgrunnstafla 7. Hversu oft eða sjaldan eru rafhlöður flokkaðar á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni .....	33
Bakgrunnstafla 8. Hversu oft eða sjaldan eru dagblöð flokkuð á þínu heimili?.....	34
Bakgrunnstafla 9. Hversu oft eða sjaldan eru dagblöð flokkuð á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni .....	34
Bakgrunnstafla 10. Hversu oft eða sjaldan eru mjólkurfernur flokkaðar á þínu heimili? .....	35
Bakgrunnstafla 11. Hversu oft eða sjaldan eru mjólkurfernur flokkaðar á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni .....	35
Bakgrunnstafla 12. Hversu oft eða sjaldan eru spilliefni (t.d. málning og lyf) flokkuð á þínu heimili? .....	36
Bakgrunnstafla 13. Hversu oft eða sjaldan eru spilliefni (t.d. málning og lyf) flokkuð á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni.....	36
Bakgrunnstafla 14. Hversu oft eða sjaldan eru plastumbúðir (t.d. matvælaumbúðir, sjampóbrúsar, rör o.fl.) flokkaðar á þínu heimili? .....	37
Bakgrunnstafla 15. Hversu oft eða sjaldan eru plastumbúðir (t.d. matvælaumbúðir, sjampóbrúsar, rör o.fl.) flokkaðar á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni.....	37
Bakgrunnstafla 17. Hversu oft eða sjaldan er lífrænn úrgangur flokkaður á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni .....	38
Bakgrunnstafla 18. Hægt er að búa til moltu úr lífrænum úrgangi. Molta er framleidd úr lífrænum úrgangi sem hefur brotnað niður og orðinn að eins konar mold. Hvað verður um lífrænan úrgang á þínu heimili? .....	39
Bakgrunnstafla 19. Hægt er að búa til moltu úr lífrænum úrgangi. Molta er framleidd úr lífrænum úrgangi sem hefur brotnað niður og orðinn að eins konar mold. Hvað verður um lífrænan úrgang á þínu heimili, sýnt eftir bakgrunni.....	39
Bakgrunnstafla 20. Hvenær hófst moltugerð úr lífrænum úrgangi á heimilinu? .....	40
Bakgrunnstafla 21. Hvenær hófst moltugerð úr lífrænum úrgangi á heimilinu, sýnt eftir bakgrunni.....	40
Bakgrunnstafla 22. Telur þú að flokkunarkerfið sem nú er til staðar í Skaftárhreppi letji þig eða hvetji til að flokka sorp? .....	41
Bakgrunnstafla 23. Telur þú að flokkunarkerfið sem nú er til staðar í Skaftárhreppi letji þig eða hvetji til að flokka sorp, sýnt eftir bakgrunni .....	41
Bakgrunnstafla 24. Værir þú tilbúin/n til þess að borga meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi, sýnt eftir svæðum .....	42
Bakgrunnstafla 25. Værir þú tilbúin/n til þess að leggja á þig meiri vinnu ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi, sýnt eftir bakgrunni .....	43

---



Bakgrunnstafla 26. Ef valið stæði á milli þess að borga meira eða leggja á þig meiri vinnu til þess að stuðla að umhverfissvæna sorphirðukerfi, hvort myndir þú frekar vilja borga meira eða leggja á þig meiri vinnu, sýnt eftir bakgrunni.....	44
Bakgrunnstafla 27. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu núverandi sorphirðukerfi, sýnt eftir bakgrunni.....	45
Bakgrunnstafla 28. Finnst þér sú úrgangsstjórnunarleið sem valin hefur verið á þínu svæði almennt hafa gengið vel eða illa? .....	46
Bakgrunnstafla 29. Finnst þér sú úrgangsstjórnunarleið sem valin hefur verið á þínu svæði almennt hafa gengið vel eða illa, sýnt eftir bakgrunni .....	46
Bakgrunnstafla 30. Finnst þér að verkefnið, í heild sinni, um úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi hafi gengið vel eða illa? .....	47
Bakgrunnstafla 31. Finnst þér að verkefnið, í heild sinni, um úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi hafi gengið vel eða illa, sýnt eftir bakgrunni.....	47

## MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Á hvaða tíma árs fellur mest sorp til á heimilum sýnt eftir svæðum.....	6
Mynd 2. Mismunandi tegundir úrgangsefna og hversu oft þau eru flokkuð .....	6
Mynd 3. Hversu oft eða sjaldan drykkjarumbúðir með skilagjaldi (t.d. plast- og glerflöskur, áldósir) eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum.....	7
Mynd 4. Hversu oft eða sjaldan rafhlöður eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum.....	8
Mynd 5. Hversu oft eða sjaldan dagblöð og tímarit eru flokkuð á heimili sýnt eftir svæðum .....	8
Mynd 6. Hversu oft eða sjaldan mjólkurfurnur eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum .....	9
Mynd 7. Hversu oft eða sjaldan spilliefni (t.d. málning eða lyf) eru flokkuð á heimili sýnt eftir svæðum .....	10
Mynd 8. Hversu oft eða sjaldan plastumbúðir (t.d. matvælaumbúðir, sjampóbrúsar, rör) eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum .....	11
Mynd 9. Hversu oft eða sjaldan lífrænn úrgangur er flokkaður á heimili sýnt eftir svæðum .....	12
Mynd 10. Hvað verður um lífrænan úrgang á heimili sýnt eftir svæðum.....	13
Mynd 11. Telur þú að flokkunarkerfið sem nú er til staðar í Skaftárhreppi letji þig eða hvetji til að flokka sorp, sýnt eftir svæðum.....	15
Mynd 12. Hlutfall svara við spurningunni: Ert þú tilbúin/n til þess að borga meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi? - sýnt eftir svæðum.....	16
Mynd 13. Hlutfall svara við spurningunni: Værir þú tilbúin/n til þess að leggja meiri vinnu á þig ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi, sýnt eftir svæðum .....	17
Tafla 21. Ef valið stæði á milli þess að borga meira eða leggja á þig meiri vinnu til þess að stuðla að umhverfisvænna sorphirðukerfi, hvort myndir þú frekar vilja borga meira eða leggja á þig meiri vinnu?.....	17
Mynd 14. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu núverandi sorphirðukerfi, sýnt eftir svæðum .....	19
Mynd 15. Finnst þér sú úrgangsstjórnunarleið sem valin hefur verið á þínu svæði almennt hafa gengið vel eða illa, sýnt eftir svæðum .....	20
Mynd 16. Finnst þér að verkefnið, í heild sinni, um úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi hafi gengið vel eða illa, sýnt eftir svæðum.....	21

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður könnunar númer tvö á viðhorfum íbúa Skaftárhrepps til mismunandi leiða við sorphirðu og flokkun á sorpi. Könnunin er önnur af þremur sem verður lögð fyrir hreppsþúa og er hluti af tilraunaverkefni um úrgangsstjórnunarlausnir fyrir sveitarfélög á Íslandi.

Almenn stefna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um meðhöndlun úrgangs 2019-2030 er; að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, að auka endurvinnslu og endurnýtingu og að draga úr urðun úrgangs. Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er meðal annars gert ráð fyrir því að lagður verði á sérstakur urðunarskattur og að bannað verði að urða lífrænan úrgang (Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, 2018).

Markmið tilraunaverkefnisins er að finna jafnvægi milli þjónustu, skilvirkni flokkunar, umhverfisáhrifa og kostnaðar við úrgangsstjórnun og -meðhöndlun. Skaftárhreppur hefur ákveðið að leggjast í breytingar á sorphirðukerfi hreppsins til að koma til móts við aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum og vinnur verkefnið í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og ReSource International ehf. ReSource International ehf. sá meðal annars um vistferilgreiningu sem gaf heildarsýn yfir það úrgangsstjórnunarkerfi sem var til staðar í Skaftárhreppi fyrir breytingar á sorphirðukerfi hreppsins. Í kjölfar greiningarinnar setti ReSource International ehf. fram sex ólíkar leiðir sem hægt væri fara þegar lagst yrði í að breyta núverandi sorphirðukerfi hreppsins. Tafla 1 útlistar hvernig svæðum í Skaftárhreppi er skipt niður fyrir verkefnið og hvaða leið er farin á hverju svæði. Taflan sýnir hvers konar sorpþjónusta er veitt á hverju svæði, hvaða tunnur eru í boði sem og hvort og þá hvaða tækni- og snjalllausnir eru notaðar. Með tækni- og snjalllausnum er átt við snjallmæla sem eru staðsettir í tunnum og gámum og gefa til kynna þegar sorpgámar fyllast. Mælarnir eru svo notaðir til að reikna út bestu akstursleiðina á milli þeirra gáma sem þarf að tæma.



Tafla 1. Svæðaskipting og sorphirðuleiðir í tilraunaverkefni Skaftárhrepps

Svæði þjónusta	Tunnur	Tækni- og snjallausnir	Heildar- fjöldi svarenda	Heildar- hlutfall svarenda
<b>Álftaver</b>			12	8%
Sorp sótt eftir föstum dagsetningum	Allar tunnur við heimili	Snjallausnir settar á þrjá bæi til að afla upplýsinga um hvort sorp sé sótt á réttum tímum		
Tunnan sem er ætluð fyrir almennt sorp sótt helmingi sjaldnar en gert var fyrir breytingu og endurvinnslufni tvöfalt oft	Tunnur til moltugerðar lánaðar til íbúa			
<b>Skaftártunga, Meðalland og Landbrot</b>			52	34%
Sorp sótt eftir föstum dagsetningum	Allar tunnur við heimili	Snjallausnir settar á þrjá bæi til að afla upplýsinga um hvort sorp sé sótt á réttum tímum		
Tunnan sem er ætluð fyrir almennt sorp sótt helmingi sjaldnar en get var fyrir breytingu og endurvinnslufni tvöfalt oft	Íbúar hvattir til moltugerðar en þurfa sjálfir að verða sér úti um tunnu fyrir slíkt			
<b>Fljótshverfi</b>			10	7%
Eingöngu grenndarstöð	Engar tunnur við heimili	Snjallausnir settar upp við grenndarstöð til að sjá hversu mikið sorp er að safnast í grenndargámana		
<b>Síða</b>			35	23%
Eingöngu miðlæg stöð	Engar tunnur við heimili	Engar tækni- og snjallausnir		
<b>Kirkjubæjarklaustur, Skaftárvellir</b>			19	12%
Ein stöð í miðju hverfis fyrir blandaðan úrgang	Tunna fyrir blandaðan úrgang í miðju hverfis	Engar tækni- og snjallausnir		
Endurvinnanlegt sorp verður sótt við heimili	Þrjár tunnur fyrir endurvinnanlegt sorp við heimili			
<b>Kirkjubæjarklaustur, vestan verslunnar*</b>			25	16%
Farið með allt sorp í grenndargáma nálægt heimili	Engar tunnur við heimili	Engar tækni- og snjallausnir		
Svæði ekki gefið upp			2	
<b>Samtals</b>			155	100%

\*Á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunnar var ekki hægt að framfylgja skipulagi svæðins í heild heldur aðeins að hluta

Aðild Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands að verkefni er að kanna ánægju íbúa með sorphirðuferfið eftir breytingar og almenn viðhorf hreppsþúa til þátta sem tengjast mismunandi sorphirðulausnum. Tilgangur könnunar númer tvö er að meta hvernig íbúum þykja breytingar hafa gengið á hverju svæði fyrir sig og hvernig þeim þykir verkefnið hafa gengið í heild sinni.

Tilraunaverkefnið hefur staðið yfir í tæplega ár þegar könnun tvö er lögð fyrir, eða frá febrúar 2020 til 15. desember 2020. Unnið hefur verið eftir þeim sex mismunandi leiðum í sorphirðu sem

ReSource International ehf. lagði til á sex mismunandi svæðum innan Skaftárhrepps. Þó skal því haldið til haga að á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar var ekki hægt að framfylgja þeirri sorphirðuleið sem áætluð var þar í þaula og því verða svör frá því svæði að vera túlkuð með þeim fyrirvara. Breytingar voru gerðar á hluta sorphirðukerfisins og fór hópur innan svæðisins eftir því fyrirkomulagi. Fyrirkomulag annars svæðis innan Kirkjubæjarklausturs vestan verslunar hélst óbreytt.

Undir lok verkefnisins munu niðurstöður Félagsvísindastofnunnar Háskóla Íslands og ReSource International ehf. vera notaðar til þess að sjá hvaða lausnir eru hagkvæmastar, líklegastar til þess að ná tölulegum markmiðum og skapa ánægju meðal íbúa hreppsins. Þessi skýrsla fjallar um niðurstöður annarrar könnunar verkefnisins þar sem metið var hvernig verkefnið gengi.

## AÐFERÐ

### Þýði og svörun könnunar

Um var að ræða þýðisrannsókn þar sem könnunin beindist að öllum íbúum, 18 ára og eldri sem voru skráðir með fasta búsetu í Skaftárhreppi, eða alls 531 manns. Gagnaöflun fór þannig fram að Félagsvísindastofnun hringdi í þá einstaklinga sem voru með símanúmer á skrá og bauð þeim að taka þátt í könnuninni. Þeir sem voru ekki með skráð símanúmer fengu send þátttökubréf í pósti. Í símakönnuninni og bréfinu var fjallað um tilgang verkefnisins og hvernig framkvæmd könnunarinnar yrði háttað. Auk þess hafði bréfið að geyma aðgangs- og lykilorð sem hver íbúi notaði til að taka þátt í könnuninni á netinu. Þegar hringt var í íbúa var einnig boðið upp á þann möguleika að fá notendanafn og lykilorð sent í tölvupósti til þess að viðkomandi gæti tekið könnunina sjálfur á netinu. Bæði kynningarbréfið og könnunin sjálf voru á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.

Spurningalistinn var unninn af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í samráði við ReSource International ehf. Könnunin var lögð fyrir dagana 15. desember 2020 til 12. janúar 2021. Heildarsvarhlutfall var um 46% (sjá töflu 2). Þar sem svarhlutfall var ekki hærra en þetta er erfitt að segja til um hversu vel svör þátttakenda endurspeglar þýðið. En þar sem könnunin var vel kynnt og öllum íbúum stóð til boða að svara má gera ráð fyrir því að flestir þeir sem höfðu skoðun á málinu hafi komið sínu svari til skila. Taka skal fram að þrátt fyrir lágt svarhlutfall einstaklinga í úrtakinu, var svarhlutfall fyrir heimilin í hreppnum töluvert hærra, eða 60%. Þannig að ef litið er til þess að a.m.k. einn fulltrúi frá hverju heimili hafi svarað könnuninni hækkar svarhlutfallið um 14%. Einnig

skal taka fram að erfitt var að staðfesta hversu margir erlendir ríkisborgarar væru búsettir í Skaftárhreppi þegar könnunin var framkvæmd og gæti svarhlutfall verið vanreiknað vegna þessa. Alls hófu 173 manns að svara könnuninni en vegna þess að þátttakendur þurftu að hafa fasta búsetu í Skaftárhreppi til þess að fá að taka könnun luku 155 könnuninni í heild sinni.

## Tafla 2. Framkvæmd og heimtur

Framkvæmdarmátí	Net- og símakönnun
Tímabil gagnaöflunar	15.12.20 - 12.01.21.
Fjöldi í þýði	531
Er ekki búsett/ur í Skaftárhrepp	118
Hafði ekki tök á að svara	29
Fjöldi svarenda	155
Svarhlutfall þáttakenda	46%
Svarhlutfall heimila	60%

Í töflu 3 má sjá dreifingu eftir kyni, aldri og ríkisfangi svarenda til samanburðar við alla íbúa Skaftárhrepps. Hlutfallslega svöruðu fleiri konur könnuninni en búa í Skaftárhreppi. Einnig var munur á aldursdreifingu svarenda og íbúa í heild. Svarhlutfall yngsta aldurshópsins, 18-29 ára, var lægra en hlutfall þess aldurshóps sem býr í Skaftárhreppi og hlutfall svarenda á aldrinum 30-45 ára, var mjög svipað og hlutfall þess hóps sem býr í Skaftárhreppi. Þá var hlutfall svarenda 46-60 ára og 60 ára og eldri hærra en í Skaftárhreppi. Mestur munur var á hlutfalli svarenda og íbúa eftir þjóðerni, þar sem svarhlutfall þeirra sem voru með íslenskt ríkisfang var töluvert hærra en þeirra sem voru ekki með íslenskt ríkisfang

## Tafla 3. Samanburður á samsetningu svarenda eftir kyni, aldri og ríkisfangi miðað við þýði

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
<b>Kyn</b>				
Karl	69	45%	277	52%
Kona	97	55%	252	48%
<b>Aldur</b>				
18-29 ára	15	10%	150	28%
30-45 ára	42	27%	147	28%
46-60 ára	38	24%	84	16%
Eldri en 60 ára	60	39%	151	28%
<b>Þjóðerni</b>				
Íslenskt	142	95%	329	62%
Erlent	7	5%	203	38%

## Úrvinnsla

Í köflum um niðurstöður eru töflur og myndir sem sýna dreifingu svara við spurningum könnunarinnar og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Í töflum og myndum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hvert svar. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar. Myndirnar sýna annars vegar dreifingu svara í heild og hins vegar dreifingu svara eftir búsetu. Vikmörk sem gefin eru upp í töflum eru miðuð við 95% öryggi sem gefur tilkynna að hægt er að fullyrða með 95% vissu að talan í þýði liggja innan þessara vikmarka.



Í viðauka skýrslunnar er einnig að finna fjöldatöflur og bakgrunnstöflur þar sem svör þátttakenda eru greind eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Í þeim töflum eru einnig aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (\*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópum svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal íbúa Skaftárhrepps. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin <sup>OG</sup> merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Í slíkum tilvikum var valmöguleikum spurningarinnar slegið saman, þegar það átti við, og marktækt aftur reiknuð eins og útskýrt er í neðanmálsgrein hvernar töflu. Þegar marktækt kom fram eftir þessa fækkun flokka, var hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (-).

## NIÐURSTÖÐUR UM VIÐHORF ÍBÚA TIL SORPLAUSNA Í SKAFTÁRHREPPI - KÖNNUN II





### Þátttakendur

Til að fá innsýn í samsetningu svarenda var spurt um ýmislegt sem viðkom aðstæðum og bakgrunni þeirra. Meðalaldur karla og kvenna sem tóku þátt í könnuninni var svipaður eða 54 ára fyrir karla og 53 ára fyrir konur. Yngsti svarandinn var 18 ára og sá elsti 87 ára. Um 38% svarenda höfðu lokið grunnskólaprófi eða stafsnámi, 36% höfði lokið framhaldsskólaprófi og rúmlega fjórðungur (26%) lokið háskólaprófi (sjá töflu 6). Um 42% svarenda áttu börn sem bjuggu á heimili (sjá töflu 11) og meðalfjöldi barna á heimili var sá sami fyrir karla og konur eða 1 barn. Um 77% þeirra sem svöruðu voru í sambúð eða hjónabandi (sjá töflu 8). Flestir svöruðu því til að aðalstarf þeirra félli undir búskap eða fiskimennsku (41%) (sjá töflu 7). Meirihluti svarenda bjó í einbýli (82%) (sjá töflu 9) og algengasti íbúafjöldi á heimili voru tveir íbúar (41%) (sjá töflu 10).




**Tafla 4. Kyn svarenda**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Karl	69	45%	 45%
Kona	86	55%	 55%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>155</b>		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 5. Aldur svarenda**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
18-29 ára	15	10%	 10%
30-45 ára	42	27%	 27%
46-60 ára	38	25%	 25%
Eldri en 60 ára	60	39%	 39%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>155</b>		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 6. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Grunnskólanám / starfsnám	53	38%	 38%
Framhaldsskólapróf	49	36%	 36%
Háskólapróf	36	26%	 26%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>138</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	17		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 7. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur starf þitt?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Stjórnandi, kjörinn fulltrúi eða æðsti embættismaður	15	11%	11%
Sérfræðingur með háskólapróf	10	8%	8%
Tæknir eða sérmenntaður starfsmaður	4	3%	3%
Skrifstofu-, þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslustarfsmaður	9	7%	7%
Bóndi eða fiskimaður	54	41%	41%
Iðnaðarmaður, sérhæfður iðnverkamaður, bilstjóri eða vélagæslumaður	8	6%	6%
Annað	31	24%	24%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>131</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	24		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 8. Hver er hjúskaparstaða þín?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Einhleyp(ur)	34	24%	24%
Í sambúð	38	27%	27%
Í hjónabandi	71	50%	50%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>143</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	12		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 9. Býrðu í einbýli, tvíbýli, fjölbýli eða annars konar húsnæði?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Einbýli	121	82%	82%
Tvíbýli	13	9%	9%
Fjölbýli	6	4%	4%
Annars konar húsnæði	8	5%	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>148</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	7		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 10. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtaldri/meðtöldum?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Einn	23	16%	16%
Tveir	60	41%	41%
Þrír	30	21%	21%
Fjórir	11	8%	8%
Fimm eða fleiri	21	14%	14%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>145</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	10		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 11. Hversu mörg börn, 17 ára eða yngri, búa á heimili þínu?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Ekkert	71	58%	58%
Eitt	24	20%	20%
Tvö	18	15%	15%
Þrjú	8	7%	7%
Fjögur eða fleiri	1	1%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>122</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara/ á ekki við	33		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 12. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við laungreiðslur, bætur, námslán, fæðingarorlof og annað þess háttar.**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
301 þús. kr. eða lægri	38	38%	38%
301-600 þús. kr.	44	44%	44%
601 þús -1,5 milljón kr.	17	17%	17%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>99</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	56		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

**Tafla 13. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við laungreiðslur, bætur, námslán, fæðingarorlof og annað þess háttar.**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
600 þús. kr. eða lægri	26	39%	39%
601 þús kr. eða lægri	40	61%	61%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>66</b>		
Veit ekki/ vil ekki svara	89		
<b>Samtals</b>	<b>155</b>		

## Búsvæðaskipting þátttakenda

Hægt er að sjá búsvæðaskiptingu svarenda í töflu 14. Þar kemur fram að flestir (34%) svarenda búa í Skaftártungu, Meðallandi eða Landbroti og fæstir svarenda búa í Fljótshverfi (7%).

**Tafla 14. Hvar í Skaftárhreppi býrðu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Hlutfall
Í Álftaveri	12	8%	8%
Í Skaftártungu, Meðallandi eða Landbroti	52	34%	34%
Í Fljótshverfi	10	7%	7%
Á Síðu	35	23%	23%
Á Kirkjubæjarklausti, Skaftárvöllum	19	12%	12%
Á Kirkjubæjarklausti, vestan verslunar	25	16%	16%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>153</b>		
Vil ekki svara	2		
<b>Alls</b>	<b>155</b>		


Flestir íbúa, eða 68%, svara því að sorpið safnist ekki meira fyrir á einni árstíð frekar en annarri. Tæplega fimmtungur (17%) svarar því að mest sorp falli til á heimili að sumri til og 13% segja að mest sorp falli til á veturna. Eingöngu 1% svarenda talar um að sorp falli aðallega til á vorin annars vegar eða á haustin hins vegar (Sjá töflu 15).

**Tafla 15. Á hvaða tíma árs fellur mest sorp til á heimili þínu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Vetur	18	13%	5,4%	13%
Sumar	24	17%	6,1%	17%
Vor	2	1%	1,9%	1%
Haut	2	1%	1,9%	1%
Engin árstíð frekar en önnur	98	68%	7,6%	68%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>144</b>			
Vil ekki svara/ Veit ekki	11			
<b>Alls</b>	<b>155</b>			

Á mynd 1 má sjá á hvaða tíma árs mest sorp fellur til á heimilum sýnt eftir svæðum. Algengast er að í öllum svæðum safnist jafn mikið sorp fyrir á heimili, óháð hvaða árstíð er. Þriðjungur (33%) svarenda í Álftaveri segir að mest sorp falli til á veturna og 30% svarenda í Fljótshverfi segir að mest sorp falli til að sumri.






Mynd 1. Á hvaða tíma árs fellur mest sorp til á heimilum sýnt eftir svæðum


## Flokkun sorps á heimilum

Eftirfarandi myndir sýna hvaða tegundir sorps eru flokkaðar á heimilum og hversu oft. Mynd 2 sýnir hversu oft svarendur flokka mismunandi tegundir sorps sem fellur til á heimili þeirra. Hátt hlutfall íbúa flokka allar tegundir sorps sem spurt er um oft eða alltaf. Langflestir (97%) flokka drykkjarumbúðir með skilagjaldi oft eða alltaf meðan hlutfallslega fæstir flokka lífrænan úrgang (77%) oft eða alltaf.




Mynd 2. Mismunandi tegundir úrgangsefna og hversu oft þau eru flokkuð

Myndir 3 til 9 sýna hlutfallslega dreifingu á hversu oft eða sjaldan hver sorptegund er flokkuð í Skaftárhreppi skipt niður eftir búsetuvæðum. Á mynd 3 má sjá að allir svarendur í Álftaveri og Fljótshverfi segjast oft eða alltaf flokka drykkjarumbúðir með skilagjaldi. Allir þátttakendur á Síðu og Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar flokka annað hvort stundum (6%) eða oft/alltaf (94%) drykkjarumbúðir með skilgjaldi. Mikill meirihluti íbúa í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti flokkar alltaf (98%) og aðeins 2% svara aldrei eða sjaldan. Að lokum segjast 5% íbúa á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum flokka sjaldan eða aldrei og 96% flokka oft eða alltaf drykkjarumbúðir með skilagjaldi.




**Mynd 3. Hversu oft eða sjaldan drykkjarumbúðir með skilagjaldi (t.d. plast- og glerflöskur, áldósir) eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum**

Á mynd 4 sést að allir svarendur í Álftaveri og í Fljótshverfi flokka rafhlöður oft eða alltaf. Um 8% svarenda í Skaftártungu, Meðallandi og í Landbroti flokka rafhlöður aldrei eða sjaldan og hið sama á við um 3% íbúa á Síðu og 6% svarenda á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum. Í opnum svörum, þar sem þátttakendur gátu sagt með eigin orðum ástæður þess að þeir flokkuðu ekki rafhlöður, kom annars vegar fram að rafhlöður væru ekki flokkaðar vegna þess að það væri enginn hentugur geymslustaður fyrir þær og þar sem viðkomandi bjó ekki nálægt gámastöðinni færu þær með almennu sorpi. Hins vegar koma fram að þær ættu það til að gleymast þegar farið væri með annað sorp á móttökustað og vegna þess að lítið fellur til af þeim færu þær með almenna sorpinu.




**Mynd 4. Hversu oft eða sjaldan rafhlöður eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum**

Á mynd 5 má sjá að allir svarendur í Álftaveri og í Fljótshverfi flokka oft eða alltaf dagblöð og tímarit. Sömuleiðis flokkar meirihluti íbúa á öðrum svæðum oft eða alltaf dagblöð og tímarit. Í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti (4%) annars vegar og á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum (11%) hins vegar eru nokkrir sem svara að þeir flokka aldrei eða sjaldan dagblöð og tímarit. Þeir sem flokka adrei eða sjaldan voru spurðir um ástæður þess að þeir flokka ekki. Einn svarenda sagði að ástæða þess að slíkt væri ekki flokkað á heimilinu væri sú að viðkomandi fengi ekki blöð eða tímarit heim til sín og því ekki mikið til að flokka.




**Mynd 5. Hversu oft eða sjaldan dagblöð og tímarit eru flokkuð á heimili sýnt eftir svæðum**

Á mynd 6 kemur fram að allir svarendur í Álftaveri flokka mjólkurfernur oft eða alltaf. Hlutfallið er lægra á öðrum svæðum þó svo að mikill meirihluti fólks á öllum svæðunum flokka mjólkurfernur oft eða alltaf. Í opnum svörum þar sem þátttakendur gátu tjáð sig um ástæður þess að þeir flokka ekki mjólkurfernur kom annars vegar fram að þátttakendur framleiddu mjólk sjálfir og væru því ekki að kaupa mjólkurfernur. Hins vegar kom fram að þátttakandi taldi að það sem flokkað væri myndi ekki enda í flokkunargámi heldur yrði grafið ásamt öðru sorpi og því lítil tilgangur að flokka mjólkurfernur.




**Mynd 6. Hversu oft eða sjaldan mjólkurfernur eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum**

Allir í Álftaveri og Fljótshverfi flokka flokka spilliefni oft eða alltaf. Mikill meirihluti annara svæða gerir slíkt hið sama, en hlutfall sem gerir slíkt er á bilinu 89% (Kirkjubæjarklaustur Skaftárvellir) til 96% (Kirkjubæjarklaustur vestan verslunar). Um 4% íbúa í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti flokka stundum og 6% flokka aldrei eða sjaldan. Aðeins 3% svarenda á Síðu flokka spilliefni stundum og 3% aldrei eða sjaldan. Á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum segjast 6% íbúa flokka stundum og 6% aldrei eða sjaldan. Að lokum flokka 4% íbúa á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunnar aldrei eða sjaldan (sjá mynd 7). Í opnum svörum þar sem þátttakendum var gefinn kostur á að segja af hverju þeir flokkuðu ekki spilliefni kom annars vegar fram að fólk væri ekki að nota spilliefni og því ekkert til að flokka og hins vegar að það væri svo lítið sem félli til að þau enduðu í almennu sorpi.




**Mynd 7. Hversu oft eða sjaldan spilliefni (t.d. málning eða lyf) eru flokkuð á heimili sýnt eftir svæðum**

Eins og sjá má á mynd 8 svara allir í Álftaveri að plastumbúðir séu oft eða alltaf flokkaðar. Um og í kringum 90% íbúa í Fljótshverfi og á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar svara að þeir flokka oft eða alltaf. Lægst er hlutfall þeirra sem flokka plastumbúðir oft eða alltaf í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti þar sem 81% svarenda segist gera slíkt. Þeir sem segjast aldrei eða sjaldan flokka plastumbúðir eru á bilinu 4% (Kirkjubæjarklaustur vestan verslunnar) til 13% (Skaftártunga, Meðalland og Landbrot). Í opnum svörum þar sem íbúar gátu komið á framfæri af hverju þeir flokkuðu plastumbúðir aldrei eða sjaldan voru nokkrar ástæður gefnar fyrir því. Fram kom að einhverjir svarenda flokkuðu flest plast þó svo að allt plast var ekki flokkað, einnig kom fram að það var svo lítið plast sem félli til að ekki þótti ástæða til þess að flokka plastumbúðir. Aðrar ástæður þess að plastumbúðir voru aldrei eða sjaldan flokkaðar voru að grenndargámarnir buðu ekki upp á slíka flokkun, og vantraust á að plastumbúðirnar myndu ekki enda með almennu sorpi þegar það yrði sótt. Að lokum kom fram að það gengi ekki nógu vel að kenna heimilisfólki að flokka og því væri niðurstaðan sú að plastumbúðir væru sjaldan eða aldrei flokkaðar frá öðru sorpi.



**Mynd 8. Hversu oft eða sjaldan plastumbúðir (t.d. matvælaumbúðir, sjampóbrúsar, rör) eru flokkaðar á heimili sýnt eftir svæðum**

Á mynd 9 sést að hlutfall svarenda sem flokka lífrænt sorp oft eða alltaf er á bilinu 68% til 89%. Hlutfall þeirra sem flokka lífrænan úrgang oft eða alltaf er hæst á Síðu (89%). Þar svara 6% íbúa að þeir flokka stundum og 6% sjaldan eða aldrei. Hlutfall þeirra sem flokka aldrei eða sjaldan eru á bilinu 6% (á Síðu) til 32% (á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar). Í opnum svörum, þar sem þátttakendur fengu tækifæri á að koma á framfæri ástæðum þess að lífrænt sorp væri aldrei eða sjaldan flokkað, komu nokkrar ástæður fram. Sex svarendur sögðu að það vantaði aðstöðu til þess að flokka og geyma lífrænt sorp. Þar kom einnig fram að svarendur voru ekki tilbúnir til þess að ferðast með lífrænt sorp í bíl. Fjórir þátttakendur sögðu að það væri svo lítið lífrænt sorp sem félli til að það tæki því ekki að flokka það frá og aðrir fjórir þátttakendur treystu því ekki að lífræna sorpið myndi ekki enda á sama stað og almennt sorp og þótti því ekki ástæða til þess að flokka það sérstaklega. Einnig kom fram að þátttakendur höfðu lent í því að refurinn sótti í holuna þar sem lífrænt sorp var grafið og því gefist upp á því að grafa lífræna úrganginn. Fram kom að þar sem ekki væri þörf á moltu og að sveitarfélagið ynni ekki moltu þætti viðkomandi ekki ástæða til þess að búa til moltu. Að lokum kom fram að einn þátttakandi væri ekki enn farinn að flokka lífrænt sorp en hafði í hyggju að byrja.



**Mynd 9. Hversu oft eða sjaldan lífrænn úrgangur er flokkaður á heimili sýnt eftir svæðum**

Þeir sem sögðust flokka lífrænan úrgang sjaldan, stundum, oft eða alltaf voru spurðir hvað þeir gerðu við lífræna úrganginn. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika í könnuninni og því var t.d. hægt að merkja við að viðkomandi bæði notaði lífrænan úrgang sem fóður fyrir dýr og setti hann í ruslið ásamt almennu heimilissorpi. Þannig getur hlutfall svara við þessari spurningu orðið hærra en 100%. Samkvæmt töflu 16 sést að 34% svarenda búa til moltu úr lífrænum úrgangi, 26% nota lífrænan úrgang sem fóður fyrir dýr, 17% setja lífrænan úrgang í ruslið ásamt almennu heimilissorpi og 39% segja að lífræni úrgangurinn fari annað.


**Tafla 16. Hægt er að búa til moltu úr lífrænum úrgangi. Molta er framléidd úr lífrænum úrgangi sem hefur brotnað niður og er orðinn að eins konar mold. Hvað verður um lífrænan úrgang á þínu heimili?**

	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Búin til molta	45	34%	7,4%	34%
Notað sem fóður fyrir dýr	35	26%	6,9%	26%
Settur í rusl með öðru heimilissorpi	23	17%	6,0%	17%
Annað	52	39%	7,7%	39%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>155</b>			
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>158</b>			

\*Einungis þeir sem flokka lífrænan úrgang fengu þessa spurningu

\*Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%

Þegar svörin er skoðuð eftir hverfum sést að allir valmöguleikar koma fyrir í öllum hverfum. Algengast er að íbúar í Álftaveri búi til moltu úr lífrænum úrgangi (67%) meðan að fæstir segjast gera slíkt á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum (11%). Í Skaftártungu, Meðallandi og í Landbroti er algengast að svarendur noti lífrænan úrgang sem fóður fyrir dýr (35%) og fæstir segjast gera slíkt á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar (4%). Tæplega þriðjungur svarenda á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum (32%) setur lífrænt sorp í rusl ásamt öðru heimilissorpi en aðeins 8% íbúa í Álftaveri gera slíkt (sjá mynd 10).



**Mynd 10. Hvað verður um lífrænan úrgang á heimili sýnt eftir svæðum**

Um 39% þeirra sem flokkuðu lífrænt sorp sögðu að lífræni úrgangurinn færi í „annað“ en í moltugerð, dýrafóður og/eða almenna heimilissorpið (tafla 16). Í töflu 17 er sá valmöguleiki brotinn niður og sýnir taflan þær niðurstöður. Þar kemur fram að tæplega fimmtungur (19%) segir lífræna úrganginn fara í brúnu tunnuna og 38% svara því að lífræna sorpið endi í gámi fyrir lífrænt sorp. Þá kemur fram að 31% urðar lífræna sorpið, 6% nota lífræna sorpið til uppgræðslu og 6% segja það fara í safnhaug.

**Tafla 17. Hvað annað verður um lífrænan úrgang á heimilinu?**



	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Fer í brúnu tunnuna	9	19%	11,0%	19%
Settur í gám fyrir lífrænt sorp	18	38%	13,7%	38%
Urðaður	15	31%	13,1%	31%
Notaður í uppgræðslu	3	6%	6,8%	6%
Fer í safnhaug	3	6%	6,8%	6%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>48</b>			
Vil ekki svara	4			
<b>Alls</b>	<b>52</b>			

\*Einungis þeir sem flokka lífrænan úrgang fengu þessa spurningu



Íbúar sem sögðust búa til moltu úr lífræna úrganginum voru spurðir hvort moltugerð hafi hafist áður eða eftir að verkefnið um úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi byrjaði. Fjórðungur svarði að moltugerð hafi byrjað eftir að verkefnið um úrgangsstjórnun í Skaftárhrepp byrjaði og 75% áður en verkefnið byrjaði.


Tafla 18. Hvenær hófst moltugerð úr lífrænum úrgangi á heimilinu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Moltugerð hófst eftir að verkefnið um úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi byrjaði	11	25%	12,8%	 25%
Moltugerð hófst áður en verkefnið um úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi byrjaði	33	75%	12,8%	 75%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>44</b>			
Vil ekki svara	1			
Á ekki við*	110			
<b>Alls</b>	<b>155</b>			

\*Einungis þeir sem flokka lífrænan úrgang og búa til moltu úr úrganginum fengu þessa spurningu

## Flokkun í Skaftárhreppi

Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutfallslega dreifingu svara þar sem íbúar taka afstöðu til ýmissa þátta er varða flokkun í Skaftárhreppi. Á mynd 11 má sjá hvort íbúum svæðanna þótti það flokkunarkerfi sem var á þeirra svæði letja þau eða hvetja til þess að flokka sarp. Þar kemur fram að íbúar Fljótshverfis virðast helst telja að flokkunarkerfið sem þar er til staðar vera hvetjandi. Þar sést að 78% svarenda telja að flokkunarkerfið þar hvetji þá mjög eða frekar mikið til þess að flokka sarp og 22% telja það hvorki hvetjandi né letjandi. Enginn svarandi sem er búsettur í Fljótshverfi taldi flokkunarkerfið þar vera mjög eða frekar letjandi. Um 63% svarenda í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti taldi flokkunarkerfið sem þar er vera mjög eða fremur hvetjandi og 27% fannst það hvorki hvetjandi né letjandi. Um 10% svarenda í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti fannst flokkunarkerfið vera mjög eða fremur letjandi. Um 50% svarenda á hinum fjórum svæðunum þótti flokkunarkerfið á þeirra svæði mjög eða fremur hvetjandi. Þar töldu 21% til 33% svarenda flokkunarkerfið sem nú er til staðar hvorki letja þau né hvetja til að flokka sarp. Að lokum þótti 8% til 26% svarenda þessara hverfa flokkunarkerfið sem nú er til staðar letja þá mjög eða fremur mikið við að flokka (sjá mynd 11). Munur var á viðhorfi svarenda til þess flokkunarkerfis sem var til staðar eftir aldri. Íbúar 46 ára og eldri þótti það flokkunarkerfi sem var til staðar á þeirra svæði frekar vera hvetjandi miðað við þá sem voru 45 ára og yngri.



**Mynd 11. Telur þú að flokkunarkerfið sem nú er til staðar í Skaftárhreppi letji þig eða hvetji til að flokka sorphirðukerfi, sýnt eftir svæðum.**


Um 29% svarenda voru tilbúin til að greiða mun eða aðeins meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi en 71% voru ekki tilbúin til þess (tafla 19).

**Tafla 19. Værir þú tilbúin/n til þess að borga meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já, mun meira	6	5%	3,7%	5%
Já, aðeins meira	30	24%	7,5%	24%
Nei	89	71%	7,9%	71%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>125</b>			
Veit ekki	23			
Vil ekki svara	7			
<b>Alls</b>	<b>155</b>			

Mynd 12 sýnir hlutfall þeirra sem tóku afstöðu til þess hvort þau væru tilbúin að borga meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi skipt niður eftir búsetusvæðum. Í Fljótshverfi var enginn tilbúinn að borga meira fyrir umhverfisvænna sorphirðukerfi. Í Álftaveri voru 82% ekki tilbúin að borga meira fyrir umhverfisvænna sorphirðukerfi og 18% tilbúin að borga aðeins meira. Á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum var 71% svarenda ekki tilbúin að greiða meira og 12% voru tilbúin að greiða aðeins meira. Minnihluti íbúa Skaftártungu, Meðallands og Landbrot (5%), Kirkjubæjarklausturs Skaftárvöllum (18%) og vestan verslunar (5%), var tilbúinn að greiða mun meira fyrir umhverfisvænna sorphirðukerfi. Í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti voru 31%

svarenda tilbúnir að greiða aðeins meira fyrir umhverfisvænna sorphirðukerfi, 24% svarenda á Síðu, 12% svarenda á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum og 35% á Kirkjubæjarklaustri vestan verzlunar. Meirihluti svarenda innan allra svæða var hins vegar ekki tilbúinn að greiða meira fyrir umhverfisvænna sorphirðukerfi.




**Mynd 12. Hlutfall svara við spurningunni: Ert þú tilbúin/n til þess að borga meira ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi? - sýnt eftir svæðum**

Þegar íbúar voru spurðir hvort þeir væru tilbúnir að leggja á sig meiri vinnu ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi kom fram að fimmtungur (20%) er tilbúinn að leggja á sig mun meiri vinnu og 45% tilbúinn að leggja á sig aðeins meiri vinnu. Um 35% svarenda er ekki tilbúinn til þess að leggja á sig meiri vinnu fyrir umhverfisvænna sorphirðukerfi (sjá töflu 20).

**Tafla 20. Værir þú tilbúin/n til þess að leggja meiri vinnu á þig ef það myndi skila sér í umhverfisvænna sorphirðukerfi?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Já, mun meiri vinnu	27	20%	6,9%	20%
Já, aðeins meiri vinnu	59	45%	8,5%	45%
Nei	46	35%	8,1%	35%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>132</b>			
Veit ekki	17			
Vil ekki svara	6			
<b>Alls</b>	<b>155</b>			

Mynd 13 sýnir þá sem tóku afstöðu til þess hvort þeir væru tilbúnir að leggja á sig meiri vinnu ef það myndi skila sér í umhverfissvænna sorphirðukerfi skipt niður eftir búsetusvæðum. Þar kemur fram að hlutfall þeirra sem eru tilbúnir að leggja á sig mun meiri eða aðeins meiri vinnu fyrir umhverfissvænna sorphirðukerfi er hæst í Álftaveri (82%), í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti (75%) og en lægst í Fljótshverfi (33%) og á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar (53%).



**Mynd 13. Hlutfall svara við spurningunni: Værir þú tilbúin/n til þess að leggja meiri vinnu á þig ef það myndi skila sér í umhverfissvænna sorphirðukerfi, sýnt eftir svæðum**


Íbúar voru spurðir hvort þeir væru frekar til í að borga meira eða leggja á sig meiri vinnu ef valið stæði á milli þessara tveggja kosta. Niðurstöður sýndu að mikill meirihluti þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar er frekar tilbúinn til þess að leggja á sig meiri vinnu (85%) en að borga meira (15%).

**Tafla 21. Ef valið stæði á milli þess að borga meira eða leggja á þig meiri vinnu til þess að stuðla að umhverfissvænna sorphirðukerfi, hvort myndir þú frekar vilja borga meira eða leggja á þig meiri vinnu?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Borga meira	16	15%	6,7%	15%
Leggja á mig meiri vinnu	92	85%	6,7%	85%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>108</b>			
Veit ekki	21			
Vil ekki svara	26			
<b>Alls</b>	<b>155</b>			

Mynd 14 sýnir hlutföll þeirra sem myndu annars vegar vera tilbúnir að borga meira og hins vegar þá sem væru tilbúnir að leggja á sig meiri vinnu til þess að stuðla að umhverfissvænna sorphirðukerfi

eftir svæðum. Þar sést að mikill meirihluti svarenda í öllum hverfum er frekar tilbúinn að leggja á sig meiri vinnu en að borga meira fyrir umhverfissvænna sorphirðukerfi. Mestur er munurinn þó á Síðu þar sem 95% svarenda eru frekar tilbúnir að leggja á sig meiri vinnu miðað við þau 5% sem vilja heldur borga meira. Minnstur er munurinn á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar þar sem 67% svarenda vildu heldur leggja á sig meiri vinnu miðað við 33% sem vildu frekar greiða meira ef það myndi skila sér í umhverfissvænna sorphirðukerfi.




**Mynd 14. Hlutfall svara við spurningunni: Ef valið stæði á milli þess að borga meira eða leggja á þig meiri vinnu til þess að stuðla að umhverfissvænna sorphirðukerfi, hvort myndir þú frekar vilja borga meira eða leggja á þig meiri vinnu, sýnt eftir svæðum**

Helmingur svarenda (50%) er mjög eða nokkuð ánægður með núverandi sorphirðukerfi og tæplega fjórðungur (24%) svarar að hann sé hvorki ánægður né óánægður með núverandi sorphirðukerfi. Um 26% segja að þau séu nokkuð eða mjög óánægð með núverandi sorphirðukerfi (sjá töflu 22).

**Tafla 22. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með núverandi sorphirðukerfi?**


	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	32	22%	6,7%	22%
Nokkuð ánægð/ur	41	28%	7,3%	28%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	35	24%	6,9%	24%
Nokkuð óánægð/ur	18	12%	5,3%	12%
Mjög óánægð/ur	20	14%	5,6%	14%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>146</b>			
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	6			
<b>Alls</b>	<b>155</b>			

Mynd 14 sýnir hversu ánægðir eða óánægðir íbúar eru með núverandi sorphirðukerfi sýnt eftir svæðum. Íbúar í Fljótshverfi virðast vera ánægðastir þar sem 70% svarenda segjast vera mjög eða nokkuð ánægðir með núverandi sorphirðukerfi. Um 20% telja sig hvorki ánægð né óánægð og 10% segjast vera nokkuð óánægð. Enginn í Fljótshverfi svarar því hann að sé mjög óánægður með núverandi sorphirðukerfi. Um 67% íbúar í Álftaveri svara að þeir séu mjög eða nokkuð ánægðir með núverandi sorphirðukerfi. Fjórðungur segist hvorki vera ánægður né óánægður með sorphirðukerfið sem nú er til staðar og 8% svara því að þau séu nokkuð óánægð. Enginn í Álftaveri svarar því að hann sé mjög óánægður með núverandi sorphirðukerfi. Rúmlega helmingur svarenda (55%) í Skaftártungu, Meðallandi og Landbroti svarar því að hann sé mjög eða nokkuð ánægður með núverandi sorphirðukerfi. Um 27% segjast hvorki vera ánægð né óánægð og 18% segjast vera nokkuð eða mjög óánægð með núverandi sorphirðukerfi. Á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum (45%) annars vegar og vestan verslunar (46%) hins vegar er svipað hlutfall sem svarar því að það sé mjög eða nokkuð ánæggt með núverandi sorphirðukerfi. Hins vegar kemur fram að á meðan þriðjungur (33%) svarenda á Kirkjubæjarklaustri Skaftárvöllum er hvorki ánægður né óánægður með það sorphirðukerfi sem þar er til staðar svara 14% því sama á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar. Fleiri virðast vera óánægðir á Kirkjubæjarklaustri vestan verslunar þar sem 41% svarenda þar svara því að þeir séu nokkuð eða mjög óánægðir með núverandi sorphirðukerfi meðan að 22% er sömu skoðunar á Kirkjubæjaklaustri Skaftárvöllum. Hlutfallslega fæstir svarendur á Síðu svörðu að þeir væru mjög eða nokkuð ánægðir með núverandi sorphirðukerfi. Tæplega fjórðungur (24%) svaraði að þeir eru hvorki sáttir né ósáttir við sorphirðukerfið og 38% svara að þeir séu nokkuð eða mög óánægðir.




**Mynd 14. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu núverandi sorphirðukerfi, sýnt eftir svæðum**

